

Fundur í fagráði nautgriparæktar 16. janúar 2019

Fundargerð

Fundurinn var haldinn 16. janúar 2019 í Bændahöllinni við Hagatorg í Reykjavík og hófst kl. 12.30.

Mættir: Guðný Helga Björnsdóttir, formaður, Gunnar Kr. Eiríksson, Hafþór Finnbogason, Margrét Gísladóttir, Pétur Diðriksson og Guðmundur Jóhannesson er ritaði fundargerð. Þórarinn Leifsson var í símasambandi. Björn S. Gunnarsson og Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir boðuðu forföll. Baldur Helgi Benjamínsson var símasambandi undir lið 6.

Dagskrá:

1. Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar
2. Lokaskýrslur verkefna
3. Erindi frá Nautastöðinni
 - a. Dreifing á SpermVital-sæði og innheimta fyrir það
 - b. Sæði úr holdanautum Nautís og verðlagning á sæði
4. Ræktunarstarf nautgriparæktarinnar
5. Námsverkefnalisti fyrir nema
6. Fagþing nautgriparæktarinnar
7. Önnur mál

1. Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar.

Guðný Helga, formaður, setti fund og stýrði honum. Hún bauð Hafþór Finnbogason sérstaklega velkominn sem nýjan áheyrnarfulltrúa frá Landbúnaðarháskóla Íslands í stað Þórodds Sveinssonar sem hún þakkaði gott samstarf.

Fundargerð, dags. 3. október 2018, samþykkt án athugasemda, en áður hafði hún verið afgreidd óformlega í tölvupósti.

2. Lokaskýrslur verkefna.

Lokaskýrsla vegna verkefnisins „Myndun á grunnefndahópi fyrir erfðamengisúrval í íslenska kúastofninum“. Fagráð lýsir yfir ánægju með skýrsluna og framgang verkefnisins en áður var búið að samþykkja lokagreiðslu framlags í tölvupósti.

Lokaskýrsla vegna verkefnisins „Greining á arfgerð 7.500 íslenskra mjólkurkúa og uppsetning svipfarsgagna“. Fagráð lýsir yfir ánægju með skýrsluna og framgang verkefnisins en áður var búið að samþykkja lokagreiðslu framlags í tölvupósti.

Lokaskýrsla vegna verkefnisins „Innleiðing mælidagalíkans við kynbótamat íslenskra mjólkurkúa“. Fagráð lýsir yfir ánægju sinni með skýrsluna og framgang verkefnisins en áður var búið að samþykkja lokagreiðslu framlags í tölvupósti.

Lokaskýrsla vegna verkefnisins „Samrekstrarfjós“. Fagráð fellst ekki á að skýrslan sé í samræmi við þau markmið sem lagt var upp með þegar sótt var um framlag til verkefnisins og beinir því til umsækjanda að bæta um betur. Í umsókninni var gert ráð fyrir að taka saman kosti og galla þess að

tveir eða fleiri aðilar myndu reka saman „samyrkjufjós“ í mjólkurframleiðslu. Meðal annars átti að taka fyrir eftirtalin atriði:

1. Safna upplýsingum um hvernig staðið er að viðlíka rekstri fjósa í Noregi.
2. Stilla upp mögulegum sviðsmyndum um hvernig hagkvæmast er að standa að slíkum samrekstri við okkar aðstæður.
3. Vinna rekstrar- og fjármögnunaráætlun fyrir mismunandi rekstrarmódel.
4. Leggja mat á heppileg rekstrarform – fyrirkomulag ábyrgðar og stjórnar, -innkomu og útgöngu nýrra þátttakenda.
5. Vinnuframlag þátttakenda, meðferð framleiðsluréttar, beingreiðslna- og stofnframlaga.
6. Annað – leggja mat á ýmsa framkvæmdaþætti við slíkan rekstur.

Töluvert vantar uppá að ofantöldum atriðum séu gerð fullnægjandi skil.

Norsku samningsformi var snúið yfir á íslensku og er þar tekið á nokkrum atriðum er lúta að 5. lið hér að ofan. Á engan hátt er tekið á þeim atriðum er lúta að kostum og göllum samrekstrar í mjólkurframleiðslu.

Önnur atriði sem fagrað telur að vanti upp á eru:

- Ítarlegri greiningu á mun hinna mismunandi rekstrarforma (ehf./slf.)
- Yfirlit um reynslu Norðmanna af hinum mismunandi rekstrarformum.
- Ítarlegri greiningu á hverju þurfi að huga að (eða varast) við sameiningu rekstrar tveggja eða fleiri aðila.
- Í skýrslunni er rætt um samrekstrarfélög en mjög lítillega minnst á samlagsfélög sem er þekkt rekstrarform héraendis. Ekki gerð nein tilraun til að meta kosti og/eða galla þess rekstrarforms.

Sé ætlun umsækjanda að fá lokagreiðslu samþykkt og afgreidda er nauðsynlegt að betrubæta skýrsluna með hliðsjón af ofangreindu.

3. Erindi frá Nautastöðinni.

NBÍ eða Nautastöðin hefur sent minnisblöð/erindi varðandi sæði úr holdanautum

Nautgriparæktarmiðstöðvar Íslands (Nautís) og verðlagningu á því sem og varðandi dreifingu á SpermVital-sæði og innheimtu fyrir það.

a. Dreifing á SpermVital-sæði og innheimta fyrir það.

Eftir að fram kom langlíft sæði (SpermVital) í Noregi kviknaði mikill áhugi á því hér á landi að fá sérfræðinga frá þeim til að blanda sæði úr íslenskum nautum á sama hátt. Sæðið á að gagnast vel þegar kvígu- eða kúahópar eru samstilltir og ekki lengur nauðsynlegt að sæða tvisvar á sama gangmáli. Sama gildir um kýr sem eiga erfitt með að festa fang og eins kýr sem sæddar eru snemma á gangmáli.

NBÍ gerði athugun hjá þeim sem ráða sæðingum hér á landi. Samhljómur var um að taka þátt og standa skil á þeim kostnaði sem því fylgir. Ákveðið var að skammturinn myndi kosta 750 kr. og vera innheimt sérstaklega eftir á. Misjafnt er hvort kynbótastöðvarnar (búnaðarsamböndin) innheimta þennan kostnað sérstaklega hjá bændum.

Fagrað í nautgriparækt fór yfir málið og lagði til að notkuninni væri þannig háttáð að 1/3 af öllu ungnautasæði yrði fryst með þessum hætti og því færu 300 skammtar úr hverju nauti til nota sem SpermVital. Það jafngildir því, að miðað við að ungnaut séu nýtt til helminga á móti reyndum nautum, þá verður Spermvital 16,7% af öllu sæði sem notað er.

Í upphafi var notkunin töluverð en smám saman hefur dregið úr notkun, en hún er mjög mismikill milli svæða. Sum svæði ná allt að því að nýta allt sitt sæði en önnur eru langt á eftir. Færa má líkur að því að við sem í þessu stöndum hefðum getað staðir betur að kynningu. Farið hefur verið ítarlega yfir það hvernig þetta sæði hefur reynst og í ljós komið að árangur er eins og vonir stóðu til og notkun bænda í samræmi við ráðleggingar.

Í minnisblaðinu kemur fram sú hugmynd/tillaga að hætta sérstakri innheimtu á SpermVital-sæði af hálfu NBÍ og fella tilkominn kostnað við blöndun og frystingu inn í rekstrarkostnað nautastöðvarinnar. Þetta myndi fela í sér 7-8% hækkun á gjaldtöku fyrir sæði til kynbótastöðvanna. Sæðinu yrði dreift samhliða öðru sæði úr sama nauti og þannig reynt að jafna dreifingu.

b. Sæði úr holdanautum Nautís og verðlagning á sæði.

Á næsta ári verður hægt að taka sæði úr holdanautum af Aberdeen Angus- kyni á einangrunarstöðinni á Stóra-Ármóti. Það liggur fyrir að skipuleggja hvernig best verður staðið að því og hvernig því sæði verður dreift til bænda. Á sama hátt þarf að ákveða hvernig farið verður með sölu á lífdýrum frá búinu.

- Ákveða þarf hvernig sölu á AA-sæði verður háttað frá Nautís og á hvaða verði.
- Hvernig á verðlagningu til bænda að vera háttað.
- Hversu mikið sæði á að taka til frystingar.

Í minnisblaðinu kemur fram sú hugmynd/tillaga að NBÍ ehf kaupi þetta sæði af Nautís og dreifi eins og öðru sæði án þess að sérstakt gjald verði tekið fyrir og að það þýði um 8% hækkun á verði alls sæðis frá NBÍ.

Guðný Helga fór yfir minnisblöðin og innihald þeirra. Hún lýsti sérstaklega yfir vonbrigðum með litla notkun á SpermVital-sæði. Guðmundur hafði fyrir fund sent í tölvupósti samantekt sem hann hafði gert á notkun sæðinga, innheimtu sæðingagjalda eftir svæðum og hugsanleg áhrif breytinga á innheimtu sæðis á sæðingagjöld.

Töluverðar umræður um notkun á SpermVital og menn á því að ástæðan fyrir lítilli notkun væri fyrst og fremst skortur á kynningu meðal frjótækna og bænda. Það væri því rétt að reyna að kynna þennan valkost ítarlegar en hingað til og reyna með því að örva notkun.

Fallist á að mæla með því að gjaldtaka fyrir SpermVital verði felld inn í gjald á hverja kú enda á notkun SpermVital-sæðis að gagnast heildinni með minni heildarkostnaði, t.d. minni aksturskostnaði við samstillingar en tvísæðingar eiga að vera óþarfar í slíkum tilvikum.

Rætt um hversu mikið magn sæðis þarf að taka úr nautunum hjá Nautís í sumar og hvernig verðleggja beri þetta sæði. Samkvæmt samantekt Guðmundar gæti ársnotkun orðið allt að 2.000-2.500 skammtar og væri þá notkun holdasæðis komin í það hlutfall sem hún var á árum áður eða 5-6%. Sú spá er kannski í hærra lagi en á móti væri einnig slæmt ef framboð myndi ekki vera a.m.k. jöfn eftirspurn. Ef til vill væri rétt að kanna hug manna gagnvart notkun á þessu erfðaefni þannig að hægt væri að áætla eftirspurnina betur og með nákvæmari hætti. Jafnframt mikið rætt um að töluverð þörf væri á ráðgjöf og leiðbeiningum varðandi notkun á sæðingum og þeim möguleikum sem þetta erfðaefni býður upp á. Þá vill fagrað beina því til NBÍ að skoða hvort mögulegt væri að bjóða upp á SpermVital-sæði úr Angus-nautunum hjá Nautís.

Fagráð telur sig ekki vera í stöðu til þess að koma að endanlegri verðlagningu á þessu sæði né heldur hvernig innheimtu á því verður háttað en bendir á að ef til vill sé óeðlilegt að fella innheimtu þess inn í gjald á hverja framtalda kú. Ljóst er að holdasæði er annars eðlis og ekki hægt að segja að notkun þess þjóni hinu sameiginlega kynbótastarfi auk þess sem nokkuð ljóst má vera að ekki munu allir notfæra sér það. Á sama hátt verður að taka undir það sjónarmið að óeðlilegt sé að innheimt sé gjald af holdakúum án þess að eigendur þeirra njóti. Eðlilegt má því telja að holdasæði væri verðlagt sem nemur muninum á kostnaðarverði innheimts sæðis frá NBÍ og verði holdasæðis frá Nautís. Fagráð vill þrátt fyrir það leggja áherslu á að verðlagningu verði stillt í hóf svo sem kostur er. Jafnframt bendir fagráð á að mun hærra gjalddtaka af bændum með nautakjötsframleiðslu heldur mjólkurframleiðendum fær ekki staðist með hliðsjón af hlutfalli rekstrarfjár sem kemur af opinberu fé. Slík gjalddtaka er einnig til þess fallin að draga úr notkun á væntanlegu nýju erfðaefni.

Undir þessum lið ræddi fagráð sæðingastarfseminna á landinu öllu og velti fyrir sér mismunandi kostnaði á milli sæðingastöðva. Kúasæðingar eru að mjög stórum hluta styrktar af opinberu fé og því þarf að jafna þann mun sem er á sæðingagjöldum á milli svæða.

4. Ræktunarstarf nautgriparæktarinnar.

Fagráði hefur borist erindi frá RML þar sem lagt er til að fagráð hafi forgöngu um stofnun samráðshóps sem væri til þess ætlaður að tryggja góða samfellu í „ræktunarstarfi“ og ráðgjöf vegna eldis nautgripa. RML telur farsælast fyrir greinina að fagráð hafi forgöngu um stofnun samráðshóps með líkum hætti og gert er í mjólkurframleiðslu en þar eru áheyrnarfulltrúar fagráðs sem koma frá RML, LK, SAM, Lbhí og MAST.

Fagráð tekur undir það að þörf sé fyrir myndun samráðshóps um málefni nautakjötsframleiðslunnar. Fagráð mun koma á slíkum samráðshóp og óska eftir tilnefningum frá RML, BÍ, LK, Lbhí og Nautís. Samráðshópurinn mun fjalla um málefni nautakjötsframleiðslunnar og verða fagráði til ráðgjafar í þeim efnum. Hópnum er ætlað skila tillögum til fagráðs varðandi stefnumótun í kynbótum og þróunarstarfi nautakjötsframleiðslunnar og gefa umsögn um ræktunarmarkmið og reglur um framkvæmd meginþátta ræktunarstarfsins óski fagráð eftir því. Enn fremur gera tillögur um stefnu í fræðslumálum og rannsóknum nautakjötsframleiðslunnar og fjalla um önnur mál sem fagráð vísar til hópsins til umsagnar.

Guðmundur lagði fram uppkast að endurskoðuðum ræktunarmarkmiðum sem hann sagði til skoðunar. Endanlegri endurskoðun og afgreiðslu væri hins vegar rétt að fresta þar til niðurstöður úr verkefninu um hagrænt vægi eiginleika lægju fyrir.

5. Námsverkefnalisti fyrir nema.

Guðný Helga sagði frá því að Framleiðnisjóður hefði ákveðið að hækka styrki til framhaldsnáms í búvísindum (MSc. og PhD.). Hún fór einnig yfir að þróunarsjóðurinn hefði verið að styrkja BSc.-verkefni um útlagðan kostnað við verkefni.

Hún kom með þá hugmynd að verkefnalistinn yrði kynntur nemendum á Hvanneyri í tengslum við næsta fund fagráðs á Hvanneyri/Hesti. Jafnframt var farið yfir verkefnalistann og rætt um að hann þyrfti að uppfæra og bæta inn á hann hugmyndum að góðum og þörfum verkefnum.

6. Fagþing nautgrgiparæktarinnar.

Fyrirhugað er að halda fagþing nautgriparæktarinnar í tengslum við aðalfund Landssambands kúabænda svo sem venja er orðin. Aðalfundur LK 2019 verður dagana 22.-23. mars n.k. á Hótel Sögu í Reykjavík þannig að fagþingið verður 22. mars á Hótel Sögu.

Margrét fór yfir stöðu mála varðandi aðalfund LK, tímasetningu fagþings og fleira því viðkomandi. Hún sagði áhugavert að skoða mál varðandi innflutning á fersku kjöti út frá sjúkdómahættu og lyfjaónæmi.

Guðmundur kom með tillögu um eftirfarandi dagskrárliði; nýtt erfðaeftni til kjötframleiðslu, norræn samvinna við gagnaöflun skýrsluhaldsins, mælidagalíkan fyrir efnahlutföll, áhrif mælidagalíkansins á nautaval, hægrænt vægi eiginleika og ákveðnar niðurstöður úr erfðamengisúrvalinu.

Baldur Helgi hafði samband um síma og sagði ásamt Guðmundi frá stöðu mála varðandi erfðamengisúrvalið. Þeir fóru yfir að niðurstöður á staðfestingu ætternis væru að koma í hús. Þá sagði Baldur frá niðurstöðum Egils varðandi skyldleika íslenska kúakynsins við önnur kyn.

Baldur Helgi kom með þá hugmynd að kynna nýtt útlit skýrsluhaldsniðurstaðna til þess að reyna örva notkun á þessum niðurstöðum og að menn veittu meiri athygli þeim brotalömum sem er að finna í íslenskri mjólkur- og nautakjötsframleiðslu.

7. Önnur mál.

Engin önnur mál tekin fyrir.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Guðný Helga Björnsdóttir
(sign.)

Guðmundur Jóhannesson
(sign.)

Gunnar Kr. Eiríksson
(sign.)

Þórarinn Leifsson
(sign.)

Pétur Diðriksson
(sign.)

Baldur Helgi Benjamínsson
(sign.)

Margrét Gísladóttir
(sign.)

Hafþór Finnbogason
(sign.)

Fylgiskjöl:

1. Fundargerð 3. október 2018
2. Lokaskýrslur verkefna
3. Minnisblöð frá NBÍ
4. Skýrsla um sæðingagjöld
5. Drög að endurskoðuðu ræktunarmarkmiði
6. Námsverkefnalisti